

215060014
3540



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

Borgaráð Reykjavíkur
Ráðhúsi v. Vonarstræti
101 REYKJAVÍK

Kópavogur, 18.05.2017
1501007 PG

Varðar: Endurnýjun á þjónustusamningi við Fjölsmiðjuna

Á stjórnarfundum SSH hinn 8. maí s.l. lá fyrir tillaga að nýjum þjónustusamningi við Fjölsmiðjuna til þriggja ára.

Stjórn SSH samþykkti að leggja til við aðildarsveitarfélögin að samningurinn verði framlengdur í samræmi við fyrirbyggjandi tillögu.

Samningurinn, ásamt minnisblaði framkvæmdastjóra SSH, áframsendist því til borgarráðs til efnislegrar afgeiðslu.

Virðingarfyllt,

Páll Guðjónsson
framkvæmdastjóri SSH

Hjálagt:

- a) Tillaga að nýjum þjónustusamningi við Fjölsmiðjuna
- b) Minnisblað framkvæmdastjóra SSH



Til: Stjórnar SSH

Efni: Fjölsmiðjan – endurnýjun þjónustusamnings

Málsnúmer: 1501007

Hjálagt er tillaga að endurnýjuðum þjónustusamningi aðildarsveitarfélaga SSH og Fjölsmiðjunnar sem koma þarf í stað þess samnings sem gerður var í febrúar 2014, upphaflega til eins árs, en síðan framlengdur í þriggja og féll úr gildi í lok mars.

Samningurinn er efnislega óbreyttur, að öðru leyti en því að lagt er til að árlegur þjónustustyrkur sveitarfélaganna skv. 5. grein samningsins, kr. 9.300.000,- verði uppfærður til samræmis við verðlagsþróun og fylgi á samningstímanum verðlagsbreytingum í samræmi við breytingar á vísitölu neysluverðs.

Lagt er til að samningurinn verði nú gerður til þriggja ára, en með endurskoðunarákvæði ef sú vinna stjórnar sem gerð er grein fyrir hér að neðan leiðir til þess að gera verði breytingar á starfsemi Fjölsmiðjunnar áður en samningstíminn er útrunninn.

1. Aðdragandi

Sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu hafa um langt skeið komið að rekstri Fjölsmiðjunnar og nýtt þau úrræði sem Fjölsmiðjan býður vegna ungmenna á aldrinum 16-24 ára sem flosnað hafa upp úr námi og/eða ekki náð fótfestu á vinnumarkaði.

Samstarf sveitarfélaganna og Fjölsmiðjunnar grundvallast í dag á þjónustusamningi sem gerður var í febrúar 2014. Samningurinn var gerður til eins árs og í honum er sérstakt ákvæði um aðgerðir til að styrkja bæði faglega og fjárhagslega undirstöðu starfsemi Fjölsmiðjunnar. Þeirri vinnu skyldi lokið á samningstímanum

(sjá meðf. afrit af samningi sveitarfélaganna og Fjölsmiðjunnar frá 3. febrúar 2014)

Samningurinn hefur síðan þrívægis verið framlengdur til eins árs í senn vegna dráttar á úrlausn þeirra viðfangsefna sem tilgreind eru í 3. grein samningsins (sjá hér að neðan)

2. Aðgerðir til breytinga á starfsemi Fjölsmiðjunnar

Sá hópur sem tilgreindur er í 11. grein ofangreinds samnings hóf strax úrvinnslu þeirra verkefna sem þar eru tilgreind. Tekin var saman ítarleg greining á rekstri og fjárhagsstöðu Fjölsmiðjunnar, einkallega í ljósi þess að starfsemi Fjölsmiðjunnar var um of háð sjálfsaflatekjum sem m.a. dró úr getu til að ástunda markvissa þjálfun skjólstæðinga og eiginfjárstaða Fjölsmiðjunnar var á þessum tíma neikvæð.



Starf hópsins beindist því að þremur meginþáttum til að breyta þessari stöðu og á stjórnarfundum SSH 1. desember 2014 kynnti þáverandi stjórnarformaður Fjölsmiðjunnar meginhugmyndir hópsins um aðgerðir til styrkingar á fjárhagsgrundvelli og aðgerðir til eflingar á innra starfi.

Lykilatriði í ofangreindum aðgerðum fólust í gerð námsskrár með skilgreiningum á áföngum og námseiningum, sem svo aftur var forsenda þess að hægt væri að ræða við Menntamálaráðuneytið um viðurkenningu á þeirri þjálfun og námi sem fram færi í Fjölsmiðjunni sem hluta af námi á framhaldsskólastigi og um leið viðurkenningu á greiðsluþátttöku ríkisins með sama hætti og almennt gildir um framhaldsskóla.

Námsskrár, lýsingar og skilgreiningar eininga voru tilbúin fyrri hluta árs 2015 og þá hófst aðlögun á innra starfi Fjölsmiðjunnar til samræmis við þessar lýsingar. Samhliða var unnið í viðræðum við Menntamálaráðuneytið um viðurkenningu á námsskránni og mótun samnings vegna greiðslna ráðuneytisins vegna nemenda á framhaldsskólaaldri.

Af ýmsum ástæðum, m.a. vegna undirbúnings að og síðar flutnings verkefna frá Menntamálaráðuneyti til Menntamálastofnunar dróst von úr viti að hægt væri að ljúka þessum samningi. Að mati þeirra sem stóðu að vinnu við endurskipulagningu starfsemi Fjölsmiðjunnar var þessi samningur grundvöllur og forsenda annarra aðgerða til eflingar á starfsemi og fjárhag Fjölsmiðjunnar og því hafa aðrar aðgerðir beðið eftir niðurstöðu þessarar vinnu.

3. Núverandi staða.

Úrvinnsla á framangreindum þáttum stendur þannig í dag:

a) Innra starf Fjölsmiðjunnar:

- Fyrir liggur skilgreind námsskrá og námseiningar – nemendur á framhaldsskólaaldri fara nú í gengum ákveðið kjarnanám og valeiningar og fá viðurkenndar námseiningar sem gagnast þeim í framhaldsskólakerfinu.
- Fjölsmiðjan er nú viðurkennd í námsvali framhaldsskólanna og nemendur geta skráð sig þar til náms í gegnum vef ráðuneytisins.
- Menntamálaráðuneytið greiðir í dag til Fjölsmiðjunnar ákveðna upphæð fyrir hvern nemanda á framhaldsskólaaldri í samræmi við námsframvindu og einingar. Ekki hefur þó tekist að ljúka að fullu samningum við menntamálastofnun vegna þessa.

b) Fjárhagsleg staða Fjölsmiðjunnar:

- Umtalsverð breyting hefur orðið á eigin fé Fjölsmiðjunnar frá árinu 2013, bæði vegna afskriftar á innri skuld við sjávarútvegsdeild Fjölsmiðjunnar sem lögð var niður, sem og vegna betri rekstrarafkomu undanfarinna 3 ára. Eigið fé var neikvætt um liðlega eina milljón kr. í árslok 2013, en var í árslok 2016 14,6 m. króna. Rekstrarafgangur ársins 2016 var tæplega 2 m. króna.

c) Áframhaldandi vinna við styrkingu innra starf og fjárhags:

Stjórn Fjölsmiðjunnar hefur ákveðið að vinna á næstu mánuðum og misserum að eftirfarandi til að skjóta enn styrkari stoðum undir rekstur og fagmennsku í innra starfi:



- Afdrifakönnun eldri nemenda í því skyni að fá fram skýra mynd af árangri starfsins og greina hverju starfið hefur skilað til lengri tíma.
- Stefnumótunarvinna stjórnar, starfsmanna og samstarfsaðila nú á vormánuðum til að fá fram skýra stefnu og aðgerðaáætlun sem tryggir enn markvissara starf og skarpari framtíðarsýn fyrir starfseminum og eftir atvikum áherslubreytingar sem og aðlögun að núverandi þörfum notenda.

Stjórnin stefnir að því að þessari vinnu ljúki á þessu ári, en telur að skynsamlegt sé að núverandi samningur verði endurnýjaður til næstu þriggja ára meðan að unnið verði úr niðurstöðum ofangreindrar vinnu og þeirra breytinga sem hún mögulega leiðir af sér.

Virðingarfyllt,

Páll Guðjónsson
framkvæmdastjóri SSH

Framkvæmdastjórar sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu f.h. sinna sveitarfélaga í samningi þessum nefndir verkkaupar og Fjölsmiðjan kt. 660601-2790 í samningi þessum nefnd verksali gera með sér svohljóðandi

Þjónustusamning

á grundvelli skipulagsskrár fyrir sjálfseignarstofnunina Fjölsmiðjan og samþykktum stjórnar hennar um fræðslu og verkþjálfun.

1. gr.

Gildissvið

- 1.1 Samningur þessi tekur til greiðslu sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu, vegna þjónustu Fjölsmiðjunnar við einstaklinga sem til hennar eru sendir af viðkomandi sveitarfélögum. Eftirfarandi sveitarfélög eru aðilar að samningi þessum: Reykjavíkurborg, Kópavogsbær, Hafnarfjarðarkaupstaður, Garðabær, Seltjarnarneskaupstaður og Mosfellsbær.

2. gr.

Þjónusta og markmið

- 2.1 Fjölsmiðjan er sjálfseignarstofnun, sem starfrækir verkþjálfunar- og framleiðslusetur fyrir ungt fólk á aldrinum 16-24 ára sem hætt hefur námi og/eða ekki náð fótfestu á vinnumarkaði.
- 2.2 Markmið þessa samnings er að þroska persónuleika nema Fjölsmiðjunnar og búa í haginn fyrir þá til aukins skólanáms eða þátttöku á hinum almenna vinnumarkaði. Þetta er gert með því að vinna með nemum að finna út styrkleika þeirra og áhuga í gegnum verklega þjálfun og fræðslu. Með þessu móti stuðla samningsaðilar að frekara skólanámi nema eða þjálfun þeirra í að reynast góðir starfskraftar á vinnumarkaði.
- 2.3 Samningur við verksala nær til verkþjálfunar nema, náms- og starfsráðgjafar, tilsagnar í námi í grunnfögum og almennri fræðslu. Réttindi og skyldur á vinnumarkaði, tilsögn í vinnuhegðun og vinnumiðlun. Hann tekur einnig til þjónustu sem verksala er heimilt að kaupa af öðrum enda uppfylli þeir ekki minni kröfur en gerðar eru til verksala í samningi þessum um slíka þjónustu.
- 2.4 Starfsfólk verksala skal hafa þekkingu á viðfangsefnum sínum.
- 2.5 Verksali setur sér það markmið í rekstri sínum að veita eins góða þjónustu og kostur er.

3. gr.

Fyrirkomulag á inntöku og útskrift nema

- 3.1 Verkkaupum ber að skipa starfsmann frá hverju aðildarsveitarfélagi sem fulltrúa og tengilið síns sveitarfélags við fulltrúa verksala.

- 3.2 Tengiliður sveitarfélags og fulltrúi verksala skulu sameiginlega taka ákvörðun um inntöku nýrra nema.
- 3.3 Tengiliður sveitarfélags og fulltrúi verksala fylgja nemum eftir og taka ákvörðun um hvenær viðkomandi er hæfur til útskriftar.

4. gr.

Greiðsla verksala á þjálfunarstyrk

- 4.1 Verksali greiðir út þjálfunarstyrk til nema í samræmi við reglur Fjölsmiðjunnar um mætingu og vinnuframlag hverju sinni. Þjálfunarstyrkur nema er ákvarðaður af sveitarfélögum í september ár hvert fyrir komandi ár. Einnig er tekin sameiginleg ákvörðun um jólabónusa og aðra launaliði til að gæta jafnræðis.
- 4.2 Eftir hvern mánuð sendir verksali hverjum verkkaupa reikning með upphæð sem nemur kostnaði á hvern nema sem samningur þessi tekur til.
- 4.3 Halda skal fjárreiðum og reikninghaldi vegna þjálfunarstyrks til nema aðgreindum í bókhaldi frá öðrum rekstri og eignum verksala.
- 4.4 Nemar 17 ára og yngri fá greidda þjálfunarstyrki sem ákveðið hlutfall af þjálfunarstyrk eldri nema, og skal það hlutfall ákvarðað samhliða ákvörðun um þjálfunarstyrki sbr. grein 4.1. Eldri nemar fá fullan þjálfunarstyrk að frádregnum atvinnuleysisbótum sem þeir kunna að fá frá Vinnumálastofnun.
- 4.5. Greiðsla þjálfunarstyrks verkkaupa miðast við þann fjölda nema sem hvert aðildarsveitarfélag hefur samið um að fái þjálfun hverju sinni og greiðist í hlutfalli við mætingu.
- 4.6. Fjölsmiðjan fær greidd 5% álag á þjálfunarstyrk sbr. ofangreint til að mæta kostnaði við umsjón og utanhald.

5. gr.

Greiðslur frá verkkaupa

- 5.1 Vegna samnings þessa greiða sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu umsaminn þjónustustyrk sem ætlað er að standa undir þjónustu og kröfum samkvæmt 2. grein samnings þessa.
- 5.2 Þjónustustyrkur ársins 2014 skal vera kr. 9.700.000 m.v. verðlag 1. janúar 2017 og breytist árlega í samræmi við breytingu á vísitölu neysluverðs.

6. grein

Tengiliðir og stjórnunarleg tengsl

- 6.1 Til að tryggja skilvirka framkvæmd samnings þessa skal skipa sérstakt notendaráð, sem í eiga sæti einn fulltrúi frá hverjum aðila. Notendaráðið skal funda eigi sjaldnar en tvisvar á ári. Notendaráðið skal hafa með höndum faglegt eftirlit með störfum og

gæðum á þjónustu verksala og fara yfir almenna framkvæmd samningsins, og ef þörf þykir, setja fram tillögur um breytingar á fyrirkomulagi og framkvæmd hans. Notandaráðið kýs sér formann og setur sér starfsreglur í samræmi við skilgreint hlutverk þess hér að framan.

- 6.2. Í samræmi við ákvæði í skipulagsskrá Fjölsmiðjunnar skipar SSH einn fulltrúa í stjórn hennar. Fulltrúi SSH skal vera stjórnarmaður SSH eða framkvæmdstjóri SSH.

7. gr.

Upplýsingaskylda og eftirlit með framkvæmd samningsins

- 7.1 Verksali skal ótilkvaddur senda stjórn Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu, fyrir lok maí ár hvert, endurskoðaðan ársreikning ársins á undan ásamt rekstrarskýrslu þar sem gerð er grein fyrir starfsemi og framkvæmd samningsins.
- 7.2 Verksali skuldbindur sig til að upplýsa stjórn Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu án tafar ef hann telur sig ekki geta staðið við fjárhagslega eða faglega skilmála samnings þessa.
- 7.3 Stjórn Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu hefur eftirlit með framkvæmd samningsins og áskilur sér rétt til að skoða aðstæður þar sem þjónustan samkvæmt honum er veitt og kalla eftir upplýsingum sem verkkaupi telur þörf á hverju sinni.

8. gr.

Þagnarskylda

- 8.1. Starfsmönnum verksala ber að gæta þagnarskyldu um atriði sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu og leynt skulu fara lögum samkvæmt.

9. gr.

Meðferð ágreiningsmála

- 9.1 Rísi ágreiningur um túlkun og framkvæmd á samningi þessum skal honum vísað til þriggja manna sáttanefndar. Tilnefnið verksali einn fulltrúa og verkkaupar einn fulltrúa. Oddamaður skal tilnefndur sameiginlega af báðum aðilum. Skal sáttanefndin skera úr um ágreininginn eins fljótt og kostur er.
- 9.2 Kostnaður við starf sáttanefndar skiptist jafnt milli verkkaupa og verksala.
- 9.3 Vilji annar hvor samningsaðili ekki una niðurstöðu sáttanefndar er honum samt sem áður heimilt að bera ágreininginn undir Héraðsdóm.

10. gr.
Vanefndir

- 10.1 Ef verksali vanefnir samningsskyldur sínar getur verkkaupi krafist tafarlausra úrbóta og sett tímafresti. Falli þjónusta niður eða skerðist verulega er verkkaupum heimilt að skerða framlag í réttu hlutfalli við brottfallið eða skerðinguna.
- 10.2 Hafi verksali ekki bætt úr vanefndum innan tímafrests í samræmi við kröfur verkkaupa hafa verkkaupar heimild til að fresta greiðslum þar til úrbætur hafa sannanlega verið gerðar. Verksali á ekki rétt á dráttarvöxtum þótt greiðslum sé frestað skv. þessari grein.
- 10.3 Þrátt fyrir ákvæði greinar 9.2 veita verulegar vanefndir af hálfu samningsaðila þó gagnaðila ætíð rétt til riftunar samningsins, enda hafi áður verið skorað á gagnaðila að bæta úr vanefnd með hæfilegum fyrirvara.

11. gr.
Gildistími, uppsögn, endurskoðun

- 11.1 Samningur þessi er gerður til þriggja ára og gildir frá 1. janúar 2017
- 11.2 Frá árinu 2014 hefur stjórn Fjölsmiðjunnar unnið að endurskipulagningu starfsemi hennar og þjónustu í því skyni að auka faglegan þátt starfsins og tengja nám og starfþjálfun á hennar vegum við menntakerfið. Gert er ráð fyrir að niðurstöður úr þessari vinnu og tillögur um breytingar á innra starfi og þjónustu liggi fyrir eigi síðar en í árslok 2017. Heimilt er að taka samninginn til endurskoðunar ef þessar niðurstöður kalla á breytingu á honum.

12. gr.
Frumrit og staðfesting samnings

- 11.1 Af samningi þessum skulu gerð sjö samhljóða eintök og telst hvert um sig fullgilt frumrit samningsins.
- 11.2 Eitt eintak skal vera í vörslu hvers aðildarsveitarfélags sem verkkaupa og eitt eintak í vörslu verksala.

Kópavogi, xx.xx.2017

f.h. Kópavogsbæjar
Samþykkt í bæjarráði xx

f.h. Reykjavíkurborgar
Samþykkt í borgarráði xx

f.h. Mosfellsbæjar
Samþykkt í bæjarráði xx

f.h. Hafnarfjarðarkaupstaðar
Samþykkt í bæjarráði xx

f.h. Seltjarnarneskaupstaðar
Samþykkt í bæjarráði xx

f.h. Garðabæjar
Samþykkt í bæjarráði xx

f.h. Fjölsmiðjunnar



Reykjavíkurborg
Velferðarsvið

Reykjavík 20. júní 2017
VEL2015050031

Ráðhús Reykjavíkur
Borgarráð
Tjarnargötu 11
Reykjavík

Umsögn velferðarsviðs vegna þjónustusamnings um rekstur Fjölsmiðjunnar árin 2017-2020.

Þann 31. maí 2017, óskaði skrifstofa borgarstjórnar eftir umsögn frá velferðarsviði vegna þjónustusamnings um rekstur Fjölsmiðjunnar árin 2017 - 2020.

Hjálagt fylgir umsögn dags. 19. júní 2017 frá verkefnastjóra í deild almennrar ráðgjafar á velferðarsviði, þar sem velferðarsvið mælir með því að gengið verði til samninga við Fjölsmiðjuna til þriggja ára í samræmi við þær tillögur sem liggja fyrir

Virðingarfyllst,

Regína Ásvaldsdóttir

sviðsstjóri



Reykjavík 19. júní 2017

VEL2015050031

Umsögn velferðarsviðs vegna þjónustusamnings um rekstur Fjölsmiðjunnar árin 2017-2020

Á grundvelli þeirra gagna sem liggja fyrir um nýjan þjónustusamning við Fjölsmiðjuna þ.e. samningsdrög sem lögð voru fyrir stjórn SSH 8. maí sl. og minnisblað framkvæmdastjóra SSH, Páls Guðjónssonar dags. 18. maí sl. mælir velferðarsvið með að gengið verði til samninga við Fjölsmiðjuna til þriggja ára í samræmi við þær tillögur sem liggja fyrir.

Í meðfylgjandi minnisblaði frá stjórn SSH kemur fram að verið er að vinna að tillögum til úrbóta á starfseminni sem hafa verið í undirbúningi frá 2014 og gætu komist til framkvæmda á samningstímanum.

Í 11. gr. samnings er þessa getið auk þess sem kveðið er á um heimild að taka samninginn til endurskoðunar ef niðurstöður þeirra breytingatillagna sem fyrir liggja kalla á breytingar á sjálfum samningnum. Þær tillögur að úrbótum sem verið er að vinna að lúta m.a. að því að auka faglegan þátt starfsins og tengja nám og starfsþjálfun við menntakerfið. Auk þess er talið nauðsynlegt að vinna að því að tryggja fjármagn til starfseminnar svo hægt sé að tryggja fjáröflunarleiðir bitni ekki á faglegu starfi. Verkefni sem unnið er að miðast gjarnan við að selja þjónustu til fyrirtækja en á stundum þyrftu að vera fyrir hendi verkefni sem miða að þeim einstaklingum eru þar.

Efnislega er samningurinn óbreyttur frá fyrri samning dagsettum 3. febrúar 2014 og ekki eru gerðar neinar athugasemdir við það.

Þó er vakin athygli á að í undirrituðum samningi frá 2014 segir í grein 5.2 að þjónustustyrkur ársins 2014 skuli vera kr. 9.300.000 .

Í grein 5.2 í samningsdrögum segir orðrétt „að þjónustustyrkur ársins 2014 skuli vera kr. 9.700.000 m.v. verðlag 1. janúar 2017 og breytast árlega í samræmi við breytingu á vísitölu neysluverðs“

Lagt er til að orðalag grein 5.2 verði „Samningsfjárhæð mun taka breytingum í samræmi við verðlagsbreytingar sem verða á fjárhagsramma sviðsins um hver áramót“

Velferðarsvið fagnar því að verið sé að vinna að úrbótum til að efla starfsemi Fjölsmiðjunnar enn frekar með það að markmiði að veita fjölbreyttari hóp þjónustu. Nokkuð hefur dregið úr fjölda tilvísana undanfarin ár, en talin er full ástæða til að efla úrræðið út frá þeim áherslum sem fjallað er um í tillögum framkvæmdastjóra SSH.

Tafla 1: Fjöldi tilvísana frá Reykjavíkurborg árin 2012 – 2016.

Ár	kvk	kk	Samtals
2012	23	46	69
2013	16	49	65
2014	14	44	58
2015	20	41	61
2016	21	31	52

Regluleg samstarf er milli velferðarsviðs og Fjölsmiðjunnar, bæði um málefni einstaklinga og almennt samstarf. Starfsmenn Fjölsmiðjunnar eru opnir fyrir að mæta notendum þar sem þeir eru staddir og eru ævinlega tilbúnir til samstarfs um málefni einstaklinga og útfærslu að þjónustu. Fulltrúar frá velferðarsviði tóku þátt í stefnumótunarfundi sem haldinn var nýlega.

Stefanía Sörheller
verkefnastjóri

deild almennrar ráðgjafar